

Garðabær
Hrönn Hafliðadóttir

Reykjavík, 24. júlí 2025
Tilvísun: 202507004 / 6.2

Efni: Breyting á deiliskipulagi Vetrarmýri, miðsvæði, ýmsar breytingar, Garðabær

Garðabær hefur, með erindi dags. 2. júlí 2025, sent Skipulagsstofnun breytingu á ofangreindu deiliskipulagi til yfirferðar samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og var málsmeðferð skv. 1. mgr. 43. gr. laganna. Athugasemdafresti lauk 21. maí 2025. Engar athugasemdir bárust á kynningartímanum en umsagnir bárust frá Félagi eldri borgara í Garðabæ, Vegagerðinni og Veitum. Deiliskipulagsbreytingin var samþykkt með breytingum í bæjarráði þann 24. júní 2025.

Deiliskipulagsbreytingin felst m.a. í breytingum á lóðum Vetrarbrautar nr. 11, 13, 15, 17 og 19. Á lóðinni Vetrarbraut 19 er gert ráð fyrir þjónustumiðstöð fyrir aldraða auk hjúkrunarheimilis. Knattspyrnuleikvangur er færður austar og stúkubyggingar sameinaðar í eina byggingu að vestanverðu. Skipulagsmörkum er breytt þ.a. svæði golfvallar er felld út.

Deiliskipulagsbreytingin er sett fram á kortblaði með greinargerð og uppdrætti í mkv. 1:2000, dags. 18. júní 2025.

Skipulagsstofnun hefur yfirfarið framlögð gögn og gerir athugasemd við að sveitarstjórn birti auglýsingu um samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar í B-deild Stjórnartíðinda vegna eftirfarandi:

Aðeins er hægt að fella úr gildi hluta deiliskipulags í þeim tilfellum þar sem nýtt deiliskipulag tekur yfir eldra deiliskipulag. Því á ekki við að fella út svæði golfvallar.

Uppfæra þarf greinargerð deiliskipulagsins og gera grein fyrir þeim breytingum sem eru gerðar á sérskilmálum lóðanna.

Gera þarf grein fyrir umhverfisáhrifum deiliskipulagsbreytingarinnar sbr. gr. 5.4 í skipulagsreglugerð

Gera þarf grein fyrir hvernig útfærsla hljóðvarna hefur breyst og setja viðeigandi skilmála vegna þeirra ef við á, með áherslu á lóð Vetrarbrautar 19 og mögulegra áhrifa á hljóðvist þar sem breytingin felur í sér að byggingareitur færir nær Reykjanesbraut.

Skipulagsstofnun minnir á að sveitarstjórn skal taka athugasemdir Skipulagsstofnunar til umræðu skv. 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga.

Sóley Ósk Sigurgeirsdóttir



Sóley Ósk Sigurgeirsdóttir

Sóley Ósk Sigurgeirsdóttir
Sérfræðingur, svið skipulags

Undirritað með OneSign